

Skipulagsstofnun

Mál nr. 1296/2024.

Ferðapjónusta við Holtsós undir Eyjafjöllum

Inngangur

Landvernd hefur kynnt sér þau áform sem hér liggja til umsagnar og gera þónokkrar athugasemdir við þær framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar. Áformum er ætlað að hafa miklar afleiðingarnar á umhverfi og náttúru en verndargildi skipulagssvæðisins er hátt ef tekið er mið af þeim skýrslum og öðrum gögnum sem liggja til grundvallar áformum. Landvernd vill hvetja Skipulagsstofnun í þessu verkefni eins og fleiri stórum áformum um hótélbyggingar, fjölda gistihúsa og með baðlónum, að gerð verði krafa til sveitarfélaga að láta fara fram vandaða þolmarkagreiningu þar sem samlegðaráhrif annarra viðlíka þjónustu verði metin og þá með landshlutann undir að stóru leyti. Landvernd telur að stjórnlaus uppbygging sé farin að koma niður bæði á samfélagi og umhverfi í einhverjum tilfellum. Segja má að í raun standi til að reisa nýjan þéttbýliskjarna, á nýjum stað í Rangárþingi ytra, sem er ekki í takti við þá stefnu sem er í gildi í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Slíkar breytingar á skipulagi ef fallist verður á framkvæmdir hljóta að verða að kallast meiriháttar inngríp í samfélagið í Rangárþingi sem ætti að kalla á mun dýpri umræðu við samfélagið allt. Fyrir liggur að ekki sjaldnar en tvisvar hafa verið [lagðir fram undirskriftalistar](#) frá íbúum sem mótmælt hafa þeim áformum sem að Steinar Reasort ehf. hafa sett fram við austanverðan Holtsós.

Auk þessa liggur fyrir að Vegagerðin hefur hafnað deiliskipulaginu og Veðurstofan sömuleiðis gert alvarlegar athugasemdir vegna sjávarflóða og skriðuhættu. Landvernd telur því einsýnt að sveitarfélagið geti ekki gengið lengra með slík áform sem og segir í frétt RÚV að hafi „mætt viðtækri andstöðu“.

Líffræðileg fjölbreytni

Fágætar plöntur

Innan skipulagssvæðisins fundust tvær fágætar friðlýstar plöntutegundir á válista og ein ný tegund. Munkahetta óx á einum stað en mýramaðra fannst hins vegar mjög víða og eru því margir fundarstaðir innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eins og rannsóknir hafa leitt í ljós. Mýramaðra er aðeins kunn frá einum öðrum vaxtarstað á landinu sem segir til um fágæti hennar og hátt verndargildi. Þá fannst ný tegund innan framkvæmdasvæðisins, brautarsef, sem ekki hefur fundist hérlandis fyrr. Ekki verður séð í ljósi mikillar útbreiðslu mýramöðru á svæðinu hvernig framkvæmdaaðili ætlar að hagræða uppbyggingu vegna hinnar friðuðu og fágætu plöntu, en í fljótu bragði er erfitt að sjá að slíku verði við komið, auk þess sem að umferð um svæðið mun verða gríðarlega ágeng, vegna mikils fólksfjölda innan svæðisins verði af framkvæmdum. Í skýrslu er endurtekið skrifað „mýramaðra“ en á vef NÍ ber plantan heitið „mýramaðra.“ <http://www.floraislands.is/galiupal.html>



Munkahetta



Mýramaðra



Brautarsef

Votlendi og leirur

Umtalsverður hluti skipulagssvæðisins býr að ríkulegu votlendi og lífríki en þar var einnig landbúnaður stundaður fyrir nokkrum árum með framræst land að hluta. Í skýrslu Tringa ehf, sem annaðist rannsóknir á svæðinu hvað varðar fuglalíf, gróður og vistgerðir, kemur fram að upphaflega hafi staðið til að endurheimta votlendi á svæðinu, sem sannarlega hefði aukið verulega á líffræðilegan fjölbreytileika þessa svæðis og þannig hefði verið hægt að auka enn á verndargildi þess og taka auk þess um leið þátt í því átaki sem ríkisvaldið leggur sérstaka áherslu á um þessar mundir, þ.e. að endurheimta votlendi, sem er einn veigamesti þátturinn og framlag Íslands til loftslagsmála. Því miður hafa núverandi áætlanir um uppbyggingu þessa sett þau áform algjörlega úr skorðum og „því er fátt um fina drætti fyrir mótvægisáðgerðir“ eins og segir í skýrslu Tringa ehf. Landvernd tekur undir í sömu skýrslu að stefna ætti að því að

„vatn í ósnum er mjög gruggugt og það hefur vafalaust áhrif á frumframleiðni og þar með lífsskilyrði smádyra og fiska. Stíflun og fylling skurða stöðvar þennan framburð á efni í Holtsós. Það má hugsa sér að útbúnar verði tjarnir þar sem vatnsmeiri skurðir eru til staðar. Þetta þarf að undirbúa vandlega, framkvæma af fagmennsku og skynsemi og leita til sérfræðinga um endurheimt votlendis eins og starfsmanna Landbúnaðarháskólans. Það þarf einnig að hafa í huga hvaða áhrif endurheimt hefur á friðlýstar plöntur á svæðinu. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að „mótvægisáðgerðir vegna friðlýstra plantna eru erfðar viðfangs, þar sem ekki má hrófla við þeim á nokkurn hátt.“

Tringa ehf kemst á grunni sinna viðtæku rannsókna að þeirri niðurstöðu að umhverfisáhrif framkvæmdanna verði neikvæð fyrir fugla, gróður og vistgerðir.

Stjórn vatnamála – vatnshlot

Landvernd vill gera sérstakar athugasemdir við skýrslu Verkfræðistofunnar Vatnaskila en í of mörgum atriðum virðist skorta frekari rannsóknir til að byggja niðurstöðu á. Það vekur furðu að í skýrslunni komi meðal annars eftirfarandi alhæfingar fram.

„Vatnshlotið er ekki metið í hættu og gert er ráð fyrir að umhverfismarkmið þess náist.“

Í beinu framhaldi kemur hins vegar eftirfarandi texti:

„Taka verður þó fram að vistfræðilegt ástand er enn óflokkað, ástandið er byggt á álagsgreiningu þar sem áreiðanleiki er metinn lítill. Að sama skapi er efnafræðilegt ástand óþekkt og vatnshlotið hefur ekkert skráð álag.“

Hér er tekið fram að vistfræðilegt ástand sé enn óflokkað og ástandið sé byggt á álagsgreiningu sem lesa má svo um í kafla 3.2.1 að er einfaldlega ekki til staðar.

Hér hlýtur að mega spyrja, hvernig er hægt að meta að vatnshlot sé ekki í hættu þegar ekkert ástandsflokkunarkerfi er við að styðjast? Það að Vatnaskil skrifi að engin verndarsvæði séu innan skipulagssvæðisins má á móti halda því fram að svæðið búi amk yfir miklum náttúrufarsgæðum því eins og fram kemur í skýrslunni um fuglalíf, vistgerðir og gróður þá fer ekki á milli mála að svæðið hefur mikið verndargildi þó að það hafi ekki ennþá verið formlega skráð eða flokkað sem slíkt. Þá ber þess að geta að samkvæmt niðurstöðu skýrslu er Holtsós eina svæðið utan Dyrhólaóss allt frá Eyrum og austur í Hornafjörð/Skarðsfjörð þar sem hægt er að finna leirur eða leirulón.

Fuglalíf

Sem fram kemur í skýrslunni „Gróður og fuglar á og við Holtsós undir Eyjafjöllum“ kemur fram að Holtsós er mikilvægur viðkomustaður farfugla og er vinsæll náttúrustaður margra fuglategunda sem eru jafnframt sumar hverjar ábyrgðartegundir hér á landi. Að sama skapi er ósasvæðið og leirur mjög



mikilvægt svæði fyrir margar fuglategundir í fæðuöflun. Þá halda mófuglar sig í umtalsverðum mæli innan skipulagssvæðisins. Fyrir liggur að búsvæði fugla á víða undir högg að sækja hér á Íslandi og tekur Landvernd eindregið undir það sem fram kemur í skýrslunni að miklar breytingar hafa orðið á úthögum, ekki síst á Suðurlandi á síðustu áratugum. Þar hefur gríðarlega mikið mýrlendi verið ræst fram með tilheyrandi afleiðingum á líffræðilegan fjölbreytileika.

Lokaorð

Það er niðurstaða Landverndar að þessi áform um hótélbyggingar, gistihús ásamt baðlóni, séu í mikilli andstöðu við öll þau meginviðmið sem Landvernd hefur við að styðjast hvað varðar náttúruvernd. Einnig bendir marga til að samfélagslegur ávinningur sé stórkostlega ofmetinn af þeim sem standa að áformunum. Landvernd er því þeirrar skoðunar í ljósi víðtækrar andstöðu sem snerist um samfélagið og stofnanir og síðast en ekki síst út frá náttúruvernd beri að slá þessi stórtæku og óæskilegu áform Steinar Reasort ehf. út af borðinu.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar

Þorgarður María Þorbjarnardóttir

